



15. júlí 2014

Áfangaskýrsla mats- og inntökuteymis málefna fatlaðs fólks sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tímabilið 1. Júní 2013-31. maí 2014

I. Tildrög

Mats- og inntökuteymi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tók til starfa í mars 2011. Teymið starfar í umboði samráðshóps forstöðumanna félagsþjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, sbr. gr. 3.2 og 3.3 í samstarfssamningi, dags. 12. nóvember 2010.

Teymið starfar á grundvelli laga nr. 59/1992, með síðari breytingum, um málefni fatlaðs fólks, reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, reglugerð nr. 155/1995, með síðari breytingum, um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, og samnings um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða frá nóvember 2010.

Teymið starfaði fyrsta árið samkvæmt erindisbréf sem afhent var í apríl 2011. Samkvæmt ákvörðun samráðshóps forstöðumanna félagsþjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var 29. ágúst 2012 samþykkt að breyta hlutverki teymisins og samþykkt nýtt erindisbréf og hefur teymið starfað samkvæmt því síðan.

II. Skipan hópsins

Mats- og inntökuteymi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er skipað sérfræðingum í málefnum fatlaðs fólks í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ. Á tímabilinu 1. júní 2013 til 31. maí 2014 sátu í teyminu einn starfsmaður frá Hafnarfirði, Garðabæ og Mosfellsbæ en tveir starfsmenn frá Kópavogi út október 2013 og eftir það einn starfsmaður frá Kópavogi.

Eftirtaldir skipuðu teymið sem aðalfulltrúar á tímabilinu júní 2013-júní 2014:

Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir, Kópavogi, lét af störfum í nóvember 2013.

Ástríður Helga Erlendsdóttir, Kópavogi, lét af störfum í maí 2014.

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, Kópavogi, tók við af Ástríði Helgu í maí 2014.

Sólveig Steinsson, Garðabæ.

Hrönn Hilmarsdóttir, Hafnarfirði.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir, Mosfellsbæ og Kjósarhreppi.

Hrönn Hilmarsdóttir er formaður og Sólveig Steinsson ritari teymisins.

Hlutverk og skipan teymisins skal endurskoðuð eigi síðar en 31. des. 2014.

III. Hlutverk og verkefni hópsins

Hlutverk teymisins er að:

- Móta viðmið og verklagsreglur um mat á þjónustuþörf, forgangs röðun og afgreiðslu umsókna um skammtí mavistun og dagþjónustu.
- Taka ákvarðanir um úthlutun þjónustu í skammtí mavistun og dagþjónustu í samráði við forstöðumenn.
- Hafa yfirsýn yfir biðlista eftir sértækri þjónustu á svæðinu.



- Vera vakandi fyrir þörf á umbótum í þeim málefnum er varða starfssvið teymisins.
- Setja fram hugmyndir og tillögur að nýjum þjónustuúrræðum og breytingum á þeim sem fyrir eru.
- Vera sveitarfélögunum til ráðgjafar um lausnir sem varða sértæka þjónustu.
- Fjalla um önnur málefni sem samráðshópurinn felur teyminu, sbr. 1. gr.

IV. Starf hópsins

Fjöldi funda

Frá 1. Júní 2013 til maí loka 2014 voru haldnir alls 19 fundir. Frá upphafi hafa alls verið haldnir 78 fundir og einn starfsdagur hjá mats- og inntökuteymi. Fundargerðir eru sem fyrr vistaðar á sameiginlegu vefsvæði teymisins.

Verkefni

Umsóknir berast teyminu frá sveitarfélögunum varðandi skammtí mavistun og vinnu fatlaðs fólks og þeim forgangsraðað samkvæmt verklagsreglum og vísað áfram til hlutaðeigandi aðila. Unnið áfram að ferlum og verklagi varðandi vinnustaði og skammtí mavistun. Mats- og inntökuteymið hefur einnig tekið fyrir annað efni eftir þörfum og svarað fyrirspurnum þegar til þess hefur verið leitað.

Gæðaeftirlit

Skipaður var sér vinnuhópur vegna undirbúnings og ráðningar starfsmanns í sameiginlegt gæðaeftirlit á svæðið. En í honum sátu tveir starfsmenn Mats- og inntökuteymis. Verkefni tengt þeirri vinnu komu þó einnig fyrir á fundi mats- og inntökuteymis þar sem starfsmenn hvers sveitarfélags fyrir sig lögðu til gagnlegar upplýsingar í vinnuna út frá þörfum hvers sveitarfélags fyrir sig. Starfsmaður Gæðaeftirlits mætti einnig á fund með teyminu.

Skýrsla um vinnustaði fatlaðs fólks

Unnin var könnun og skýrsla á vinnustöðum fatlaðs fólks í framhaldi af beiðni samráðshóps forstöðumanna félagsþjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir SSH-hóps). Beiðnin er eftirfarandi skv. fundargerð SSH-hópsins frá 4. september 2013: „Ákveðið var að fela mats- og inntökuteymi að afla og vinna úr upplýsingum um mat á þörf fyrir þjónustu í hlutaðeigandi sveitarfélögum. Kópavogur rýnir síðan í málið í sínum ranni og sveitarfélögin mega vænta bréfs þaðan um hvað þau hyggist fyrir með hæfingu íbúa sinna.“

Markmiðið var að greina umfang þjónustunnar og hvernig hún kæmi til móts við vinnugetu notenda. Á niðurstöðunum mætti svo byggja, þróun nýrra úrræða og þær breytingar sem þarf að gera á eldri úrræðum til þess að gæði þjónustu og þjónustutími geti komið sem best til móts við notendur. Skýrslan barst SSH-hópi í apríl 2014.

Sérhæfð teymi

Mats- og inntökuteymið hefur unnið að því að setja á fót sérhæfð teymi sem afgreiða þær umsóknir sem berast. Í teymunum sitja forstöðumenn tiltekinnar starfsstöðva ásamt aðilum úr mats og inntökuteymi. Markmiðið er að dreifa verkefnum og koma þeim nær þjónustunni.



Vinnustaðateymi

Á 49. fundi mats og inntökuteymis 2. október 2012 urðu fundarmenn sammála um að búa til vinnustaðateymi. Teymið gæti verið skipað forstöðumönnum hæfingarstöðvanna, fulltrúa frá Örva, fulltrúa frá vinnustofu Skáltúns, fulltrúa frá Ásgarði ásamt 2 aðilum frá Mats- og inntökuteyminu.

Raunin varð sú að stofnað var, til að byrja með, teymi með forstöðumönnum vinnustaða í Kópavogi sem hafði það markmið að taka við og afgreiða umsóknir um vinnu frá Mats- og inntökuteymi á sérhæfða vinnustaði hjá sveitarfélaginu.

Vinnustaðateymi þar sem forstöðumenn allra vinnustaða á svæðinu utan Reykjavíkur sitja saman komst ekki á laggirnar fyrr en í lokárs 2013. Hópurinn kom fyrst saman 15. 11. 2013 og aftur í 17. 01.2014 og þá í tengslum við könnun og skýrslu sem unnin var um vinnustaði á svæðinu. Fyrsti formlegi fundur vinnustaðateymisins var 20.01.2014 og hafa nú 4 fundir verið haldnir hjá teyminu.

Verkefni vinnustaðateymis eru:

1. Að halda skriflega fundargerð yfir ákvarðanir á fundum teymisins.
2. Að fjalla um umsóknir einstaklinga á vinnu-, starfsþjálfunar- og hæfingarstaði fyrir fatlað fólk á starfssvæði nefndarinnar.
3. Að skoða umsóknareyðublað sem notuð eru gera nýtt eyðublað ef þörf er á fyrir umsóknir til teymisins.
4. Að senda umsóknir um sambærilega vinnustaði og þjónustustofnanir í Reykjavík til atvinnuteymis á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.
5. Að koma upp aðgengilegu skráningarkerfi með það að markmiðið að hafa ávalt glögga mynd af stöðunni á einstökum vinnu- og þjónustustofnunum og á svæðinu öllu.
6. Að taka saman stutt upplýsingarit um hvað standi til boða svæðinu. Tilgangur ritsins verður að auðvelda umsækjendum og starfsmönnum sem taka við umsóknum hjá sveitarfélögunum að beina umsækjendum á vinnu- og þjónustustaði við hæfi.
7. Að fjalla um hugmyndir að nýsköpun og uppbyggingu í atvinnuþjónustu við fatlað fólk á starfssvæðinu.

Skammtíamavistunarteymi

Í ágúst 2012 var sett á fót skammtíamavistunarteymi sem hefur haft það markmið að úthluta lausum plássum í skammtíamavistun, meta biðlistann og skoða leiðir til lausna. Haldnir voru 14 fundir frá ágúst 2013 til 1. Júní 2014. Alls hefur verið haldinn 21 fundur hjá skammtíamavistunarteyminu frá stofnun þess í ágúst 2012.

V. Lokaorð

Teymið hefur unnið að því að koma á fót vinnuhópum skipuðum forstöðumönnum og starfsmönnum teymisins með það að leiðarljósi að efla skilvirkni starfsstöðva og draga úr vægi teymisins. Þetta hefur gengið vel.



Mats- og inntökuteymi sendi frá sér skýrslu um stöðu vinnustaða fatlaðs fólks og hvað þurfi að hafa í huga til framtíðar. Vonast teymið til þess að uppbygging verði í atvinnumálum þar sem brýnt er að bregðast hratt við þeim vanda sem er að skapast.

Starfsmaður sem sinnir Gæðaeftirliti á starfsstöðvum í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og í Mosfellsbæ/Kjós hefur tekið til starfa og er teymið afar ánægt með hve vel það fór af stað. Gert er ráð fyrir að starfsmaður innra eftirlits komi aftur á fund teymisins í september til að veita upplýsingar og ráðgjöf á báða bóga.

Teymið mun starfa áfram í svipaðri mynd, koma verkefnum smærri vinnuteyma betur á veg og vera ráðgefandi fyrir samráðshóp forstöðumanna félagsþjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt erindisbréfi sem teymið starfar eftir skal hlutverk og skipan teymisins endurskoðuð eigi síðar en 31. des. 2014.

Hafnarfjörður 15. júlí 2014
Fyrir hönd mats- og inntökuteymis,
Hrönn Hilmarsdóttir
formaður